

Borgarstjórn
4. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að auka niðurgreiðslu til dagforeldra um 25%

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að niðurgreiðslur til dagforeldra hækki í áföngum þannig að kostnaður foreldra sem vista börn sín hjá dagforeldrum færist nær þeim kostnaði sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Í fyrsta áfanga hækki niðurgreiðslurnar um 25% eða um 13.768 kr. á mánuði. Næsti áfangi verði til skoðunar eigi síðar en í ágúst 2019. Samhliða verði skoðaður möguleiki á þjónustusamningi milli dagforeldra og Reykjavíkurborgar, í samráði við félag dagforeldra.

Greinargerð:

Starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar skilaði skýrslu sinni í maí 2018. Starfshópurinn lagði til nokkrar leiðir til að breyta og þróa starfsemi dagforeldra í Reykjavík. Ein þeirra var að hækka niðurgreiðslur til dagforeldra í áföngum. Í fyrsta áfanga yrði niðurgreiðslan hækkuð um 25%.

Í skýrslunni segir eftirfarandi:

„Foreldrar hafa ítrekað gert athugasemdir við að þeir sitji ekki við sama borð þegar kemur að niðurgreiðslum, þar sem foreldrar barna sem fá inni á ungbarnaleikskóla greiða lægsta gjaldið, foreldrar með börn hjá dagforeldrum greiða um tvöfalt það gjald á meðan enn aðrir fá ekki gæslu og verða jafnvel af vinnu og framfærslu vegna þess.

Ef borin eru saman heildarútgjöld fyrir barn á leikskóla (12 mán.-3 ára) sem er 291.771 kr. á mánuði miðað við 8.0 klst. dvöl. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum dagforeldrafélaganna í starfshópnum greiða foreldrar að meðaltali 70.000 kr. með barni í vistun á mánuði.

Niðurgreiðslan frá Reykjavíkurborg er 55.072 kr. á mánuði fyrir 8 klst. vistun. Samanlagður kostnaður er samtals 125.072 kr. á mánuði. Mismunurinn er þá 166.072 kr.

Til að gæta jafnræðis og til að daggæsla verði raunverulegur valkostur við leikskólavistun þarf að hækka niðurgreiðslu til dagforeldra umtalsvert.

Til að byrja með er lagt til að niðurgreiðslan hækki um 25% eða um 13.768 kr. á mánuði.

Samhliða áframhaldandi hækkun á niðurgreiðslum verði skoðaður í samráði við félag dagforeldra möguleiki á þjónustusamningi milli dagforeldra og Reykjavíkurborgar.“

Samkvæmt skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar yrði viðbótarkostnaður á ári vegna hækkunar á niðurgreiðslu til foreldra miðað við 25% hækkun 89.202.872 kr.